



Reykjavík, 28. apríl 2025

USK25040393

Efni: Kynning á ársskýrslu aðgengisfulltrúa 2024 og hönnunarleiðbeiningum fyrir leiksvæði

Hjálagt eru ársskýrsla aðgengisfulltrúa fyrir árið 2024 og hönnunarleiðbeiningar fyrir leiksvæði sem á að byggja upp eða endurgera. Leiðbeiningarnar eiga að stuðla að því að leiksvæði, hvort sem þau eru á skólalóðum eða í borgarlandi, séu aðgengileg öllum.

Hönnunarleiðbeiningarnar voru m.a. settar saman til þess að ná fram markmiði nr. 1.3. í aðgerðaráætlun Aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar 2022-2030, sem kveður á um að: *Við endurnýjun grunn- og leikskólalóða sé tryggt að hönnun og breytingar uppfylli hugmyndafræði algildrar hönnunar. Leitast sé við að bjóða upp á leiktæki sem henta sem flestum hópum óháð aldri, fötlun og færni.*

Hönnunarleiðbeiningarnar eru hugsaðar sem hjálpartæki og gátlisti fyrir hönnuði leiksvæða. Þær nýtast við hönnun leiksvæða á skólalóðum og í borgarlandinu.

Óskað er eftir því að ársskýrsla aðgengisfulltrúa fyrir árið 2024 og hönnunarleiðbeiningarnar séu lagðar fram á fundi Umhverfis- og skipulagsráði til kynningar.

Virðingarfyllst,
Bragi Bergsson
aðgengisfulltrúi
skrifstofa framkvæmda og viðhalds
Umhverfis og skipulagssvið

Hjálagt:
Ársskýrsla aðgengisfulltrúa 2024
Hönnunarleiðbeiningar

